

Alþingi
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
(sent á rafrænu formi á nefndasvid@althingi.is)

Ísafirði 14. febrúar 2014

143. löggjafarþing, mál 256, þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2014 – 2017.

Fjórðungssamband Vestfirðinga þakkar þessa umsagnarbeiðni og veittan frest til að skila umsögn. Málið er umfangsmikið og snýr mjög að hagsmunum íbúa og atvinnulífs á Vestfjörðum og því lagður metnaður í að skila ítarlegri umsögn.

- Fjórðungssamband Vestfirðinga (FV) lýsir stuðningi við meginmarkmið um framkvæmd byggðaáætlunar 2014-2017 og fagnar þeim sérstöku áherslum sem sett eru þar undir. Annars vegar er varðar byggðalög sem hafa búið við langvarandi neikvæða byggðaðróun og hinsvegar um aðgerðir til að ná auknu jafnrétti kynjanna.

FV telur hinsvegar óásættanlegt að áherslur séu settar fram án ítarlegri skilgreiningar og að aðgerðum í byggðamálum sé vísað til framtíðar þar sem í mörgum tilvikum er gert ráð fyrir allt að tveggja ára greiningarvinnu áður en af umbótum verður. Af þessum sökum verður óljóst hvaða aðgerðir í Byggðaáætlun falla að þessum sérstöku áherslum um langvarandi neikvæða byggðaðróun og aukið jafnrétti og hvaða forsendur eru settar fyrir öðrum aðgerðum, s.s. í samgöngumálum og stóriðju.

FV telur að nægar greiningar séu til staðar til að hefjast þegar handa við umbætur, m.a. megi vísa til greiningar Þórodds Bjarnasonar, prófessors í félagsvísindum við Háskólann á Akureyri á því hvaða byggðarlög hafi búið við langvarandi neikvæða byggðaðróun. FV mun í þessari umsögn gera athugasemdir við einstaka aðgerðir á grundvelli þessarar greiningar.

- FV telur mikilvægt að lögð verði áhersla að ná fram samþættingu byggðaáætlunar við aðrar áætlanir ríkisins. Rétt er að undirstrika mikilvægi þess að slík samþætting sé gerð í víðtæku samráði og/eða með framsali verkefna til sveitarfélaga, m.a. með Sóknaráætlunum landshluta og skipulagsáætlunum sveitarfélaga. Hinsvegar telur FV að skoða verði nánar hvernig standa skuli að samþættingu byggðaáætlunar og samgönguáætlunar og leggur til að bera þann hluta undir umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis og Samgönguráð.
- FV hefur í umsögnum sínum um fyrri byggðaáætlanir bent á að taka eigi upp sértækar aðgerðir á skilgreindum svæðum. FV fagnar því að nú eigi að taka til athugunar beitingu sértækra aðgerða á varnarsvæðum er varða stuðning við smærri byggðarlög, einstaklinga og fyrirtæki. Telja verður hinsvegar að sá tími sem leggja á í slíkar athuganir sé óþarflega langur og hvetur FV til þess að slíkri vinnu verði hraðað, t.d. að miðað verði við eins árs í stað tveggja eða þeim verði áfangaskipt og aðgerðir settar fram jöfnum höndum.

- FV telur mikilvægt að aðgerðir er varða ferðaþjónustu, menningu og skapandi greinar verði skilgreinar sem aðgerðir í byggðaáætlun enda mikilvægar vaxtargreinar á svæðum sem eiga í vök að verjast. Hér er vísað til að telja verði að ákveðin mótsögn sé fólgin í þeirri ákvörðun að fækka viðfangsefna byggðaáætlunar m.t.t. til byggðaáætlunar 2010-2013 og hætta sé á að fest verði í sessi fábreytni atvinnulífs á áhrifasvæði Byggðaáætlunar. Settur er fram sá rökstuðningur í byggðaáætlun, að rétt sé að einfalda áætlunina með því að fella út ákveðin viðfangsefni og aðgerðir, en benda má á að á sama tíma eru nýjar aðgerðir teknar inn í áætlunina.¹ Niðurstaðan er að helstu vaxtaratvinnugreinar landsins, þ.e. ferðaþjónusta, menning og skapandi greinar falla út, en stóriðja og iðnaðarhafnir eru teknar inn sem ný aðgerð. Taka verður af öll tvímæli um að Byggðaáætlun sé ætlað að auka á fjölbreytni atvinnulífs en ekki festa í sessi stefnu um einhæft atvinnulíf á áhrifasvæði hennar.
- FV gerir tillögu um að tilgreindar verði aðgerðir í Byggðaáætlun um nýjar atvinnugreinar sem eru að eflast á Vestfjörðum, þ.e. eldi laxfiska í sjó og vinnslu klakþörungasetlaga.

Greinargerð

Skilgreining byggðarlaga í viðvarandi vanda.

FV vill vísa til erindis Þórodds Bjarnasonar á 58. Fjórðungspingi Vestfirðinga „Byggðastefna Íslands og sóknarfæri Vestfjarða“² varðandi skilgreiningu á landsbyggð. Hann bendir á að skipta verði landsbyggðinni upp í a.m.k. tvær landsbyggðir með tilliti til þróunar búsetu. Sé landsbyggðin skoðuð í heild þá hefur frá árinu 1911 aldrei fleiri íbúar búið á landsbyggðinni en þrjú til fjögur svæði skera sig úr með viðvarandi fækkun íbúa. Annars vegar því landsbyggð þar sem fjöldi brottfluttra um langt skeið verið umfram fjölda aðfluttra og hinsvegar landsbyggð þar sem er hæg en stöðug fjölgun íbúa með sterkum vaxtarsvæðum.

Á mynd 1.3.3. um þróun íbúafjölda 1980-2011, í fylgiriti Byggðaáætlunar 2014 – 2017 „Byggðapróun á Íslandi, Stöðugreiningu 2013“ má sjá þessi þrjú til fjögur svæði. Svæði sem nær frá Snæfellsnesi um Vestfirði og að Skagafirði, syðsta hluta Austfjarða og síðan Mýrdalshrepp og Skaftárhrepp. Leiða má einnig líkum að sambærilegu ástandi á norðausturhluta landsins frá Öxarfirði að Þistilfirði.

Um áætlanagerð og stefnumörkun.

Stefnumótandi byggðaáætlun er nú lögð fram í sjöunda sinn frá árinu 1994 á grundvelli laga um Byggðastofnun. Frá upphafi hefur það verið ljóður þessara áætlana eins og flestra annarra áætlana stjórnvalda að lítið samhengi hefur verið á milli framkvæmdar og stefnumörkunar. Bein fjárframlög til áætlunarinnar hafa ávallt verið takmörkuð og önnur stefnumörkun stjórnvalda í litlum mæli eða tilviljunarkennt verið samþætt vilja Alþingis í byggðamálum. Í

¹ Nauðsyn er að afmarka aðgerðir við þau svæði landsins sem eiga helst í vök að verjast með skýrari hætti (bls 7).

² http://www.vestfirdir.is/fjorungssambandid/58_fjorungsting/skra/468/.

fjárlögum 2014 eru áætlaðar að um 300 mkr til verkefna í byggðaáætlun og hafa þau þá lækkað að nafnvirði um 180 mkr frá árinu 2009.³

Framkvæmd fyrri byggðaáætlana og þróun framlaga hefur dregið úr tiltrú á framkvæmd hennar og aðrar svæðisbundnar áætlanir, „ad hoc“ nefndir eða aðgerðir hafa verið framkvæmdar við hlið hennar. Áætlunin hefur hinsvegar verið mikilvæg fyrir þau verkefni sem hafa notið stuðnings hennar, s.s. vaxtarsamningar og NPP áætlunin, og hún hefur verið rammi fyrir stoðkerfi atvinnu og byggðapróunar.

Í tíð síðustu ríkisstjórnar var farið í umfangsmikið verkefni til að ná utan um samþættingu og einföldun áætlana. Telja verður að mikilvæg skref í að tengja saman framkvæmd og stefnumörkun hafi verið tekin, en verkefninu var fjarri því lokið. Sóknaráætlanir landshluta voru hluti af þessari stefnu en með því verkefni átti að færa ábyrgð á fjármagni og stefnumörkun til landshlutanna. Verkefnið hlaut almennan stuðning í landshlutunum og hafa öll landshlutasamtök sveitarfélaga lagt áherslu á að þessi þáttur verði eflur. Mikil vonbrigði voru því hversu mjög framlög voru lækkuð til þessa verkefnis í fjárlögum ársins 2014 og því er mikilvægt að í athugasemd við stefnumótandi Byggðaáætlun sé lýst vilja að efla þennan þátt að nýju.⁴

Mikilvægt er að farið sé yfir framangreinda stöðu í athugasemdum (greinargerð) með þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun. Það er, að dregin er lærdómur af framkvæmd fyrri byggðaáætlana og lögð áhersla á að afmarka verkefni í því markmiði að þeim verði þá fremur hrint í framkvæmd.⁵ Varað er hér þó við að slík ráðstöfun leiði til einhæfari stefnu sem hindri framgang vaxtargreina á áhrifasvæði Byggðaáætlunar og er vikið að því í athugasemdum við tiltekna aðgerðir.

Um einstaka aðgerðir byggðaáætlunar

1. kafli. Innviðir

1.1. Uppbygging öflugsgagnanets.

Mikilvægt er að tekið sé á þeim miklu flækjum sem að ófyrirsynju hafa verið byggðar upp í því sem telja verður einfalt mál, þ.e. að litið sé á gagnaveitu líkt og aðra grunninnviði landsins s.s. þjóðvegi, flugvelli og hafnir. Vænst er að þessi úttekt verði til að hraða uppbyggingu gagnaveitna, því núverandi staða hefur dregið verulega úr samkeppnishæfni byggðarlaga og atvinnulífs á landsbyggðinni.

³ Svar iðnaðarráðherra við fyrirspurn Arnheiðar Sveinsdóttur, 136. löggjafarþing 2008-2009, þskj 614 – 307. mál

⁴ Bls. 7. Stefnt er að því að núverandi sóknaráætlanir landshluta verði farvegur fyrir samstarf ríkis og sveitarfélaga um framkvæmd byggðaáætlunar. Haldið verður áfram vinnu við að fella viðfangsefni og samninga ríkis og sveitarfélaga undir landshlutaáætlanirnar og jafnframt verður nýtt fé veitt til þeirra á seinni hluta tímabilsins. Þá verða sóknaráætlanir nýttar til svæðisbundinnar forgangsroðunar verkefna og sem vettvangur fyrir stefnumörkun landshlutanna í byggðamálum.

⁵ Bls. 7. Reynslan af byggðaáætlun 2010-2013 sýndi að erfitt var að halda með skipulögðum hætti utanum svo mörg ólík verkefni. Ekki var heldur nægjanlegt tillit tekið til ýmissa stórra áætlana á vegum ríkisins ... þá komu fram sjónarmið að í byggðaáætlun ætti með skýrari hætti að afmarka aðgerðir við þau svæði landsins sem eiga helst í að vök að verjast.

Uppbygging gagnanets á Vestfjörðum í heild hefur dregist mjög aftur úr miðað við aðra landshluta og skert samkeppnisstöðu atvinnulífs og samfélaga á Vestfjörðum. Í ályktunum Fjórðungsþings Vestfirðinga og umsögnum til Alþingi hefur FV sett fram tillögur að áfangaskipt verkefni og forgangsroðun þeirra.⁶

Fyrsti áfangi er að lagður verði ljósleiðari norður Strandir til Hólmavíkur og Drangsness og settur verði upp viðeigandi endabúnaður á ljósleiðara á Reykhólum og í Súðavík til að nýta kosti ljósleiðarans. Annar áfangi er að ljúka hringtengingu ljósleiðara um Vestfirði með tengingu Hólmavíkur við Ísafjörð um Djúp. Hægt er að nýta ljósleiðara sem þegar eru til staðar á löngum köflum í Ísafjarðardjúpi og um Steingrímsfjarðarheiði. Þriðji áfangi er svo stórbætt nettenging dreifbýlis út frá ljósleiðaraneti með ljósleiðara, hefðbundinni koparlínu eða með örbylgjusambandi. Þriðja og síðasta áfanga er mögulegt að vinna samhliða því að unnið er að fyrst og öðrum áfanga.

1.2. Orkumál.

FV styður þetta verkefni sem hér er lagt til og þá áfanga sem þegar hafa verið teknir nú við afgreiðslu fjárlaga 2014, enda í samræmi við ítrekaðar ályktanir Fjórðungsþings Vestfirðinga. Mikilvægt er fyrir byggð í landinu að jöfnuður náist sem fyrst í raforkukostnaði, bæði milli dreifbýlis og þéttbýlis og eins milli heitra og kaldra svæða.

1.3. Bættar samgöngur.

FV telur almennt að í byggðaáætlun eigi að setja fram markmið í samgöngumálum en útfæra verði hvernig standa skuli að samþættingu markmiða Byggðaáætlunar og Samgönguáætlunar og koma í veg fyrir ósamræmi á milli áætlana. Lagt er til að atvinnuveganefnd kalli eftir álitum umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis og Samgönguráðs í þessum eignum. Benda má á að Samgönguráð er að leggja lokahönd á endurskoðun samgönguáætlunar 2013-2016 og vinna er að hefjast með samgönguáætlun 2014-2026.

FV telur með vísan til áherslna í markmiðum Byggðaáætlunar að aðgerðir c, um hálendisvegi og aðgerð f, um alþjóðaflug um Akureyri samræmist ekki þeim áherslum og eigi því að falla út.

FV leggur hér síðan til undir þessari aðgerð, verkefni í samgöngumálum sem byggir á stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum. Stefnan var nú síðast áréttuð í ályktun 58. Fjórðungsþings Vestfirðinga og forgangsroðun verkefna er sem hér segir.

58. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið 11. og 12. október 2013 í Trékyllisvík krefst þess að forgangsroðun stjórnvalda beinist áfram að bættum samgöngum á Vestfjörðum. Í markmiðum Samgönguáætlunar 2011-2022, sem samþykkt var á Alþingi vorið 2012, segir: „Samgöngur tengja saman fólk og byggðir. Í samræmi við sóknaráætlun og svæðaskiptingu landsins verði við forgangsroðun framkvæmda tekið mið af þörfum einstakra svæða fyrir bættar samgöngur til að efla sveitarfélög, styrkja hvert svæði og landið allt.“

⁶ Þingsályktunartillaga um háhraðanettengingar í dreifbýli, 203. mál 143. löggjafarþing.

Vestfirðingar njóta enn ekki þess sem aðrir landsmenn hafa fengið, sem er að tengja allar byggðir aðalþjóðvegakerfi landsins með heilsársvegi og að tengja saman helstu þéttbýlissvæði á Vestfjörðum.

Til að það náist fram þarf:

- 1. Að klára vegagerð um Gufudalssveit í Barðastrandarsýslu á Vestfjarðavegi 60.*
- 2. Að standa við áætlanir um gerð Dýrafjarðarganga 2015-2018 og vinna samhliða að endurgerð vegar um Dynjandisheiði.*
- 3. Að standa við áætlanir um uppbyggingu nýs vegar í Árneshreppi í áföngum. Tryggja þarf fjármagn til að flýta framkvæmdum á Veiðileysuhálsi og Bjarnaþjórðarhálsi.*
- 4. Að jarðgöng á milli Ísafjarðar og Súðavíkur komist inn á samgönguáætlun, sem næstu jarðgöng á eftir Dýrafjarðargöngum.*

Þar að auki leggur Fjórðungsþing áherslu á.

- 1. Nýjan veg út á Látrabjarg*
- 2. Hækkað þjónustustig við snjómokstur á vegum á Vestfjörðum um einn flokk.*
- 3. Að skilgreindur verðir hringvegur nr 2. sem nær frá þjóðvegi 60 við Bröttubrekku um Vestfirði og tengist aftur hringveginum um þjóðveg 61 við Staðarskála.*

Þá eru endurbætur vega og bætt aðgengi að helstu ferðamannaperlum Vestfjarða brýn nauðsyn, bæði út frá sjónarmiði öryggis og til eflingar ferðaþjónustu á Vestfjörðum. Viðhald vegakerfisins er mikilvægur öryggisþáttur sem ekki má gleymast.

2. kafli, Sértaekar aðgerðir á varnarsvæðum

2.1. Brothætt byggðarlög.

FV styður meginmarkmið verkefnisins en varar jafnframt við að kröftum og fjármagni í verkefninu verði nú dreift um of, gangi tillagan óbreytt fram, með vísan til verkefnis um „stöðu og framtíð íslenskra landbúnaðarsamfélaga“ sem ekki er ljóst hvað felst í. Fela verður Byggðastofnun í samstarfi við sveitarfélög og landshlutasamtök þeirra að skilgreina nánar markmið og væntan árangur (mælikvarða) áður en lengra er haldið. Bent er á að í aðgerð 3.2. (stuðningur við nýfjárfestingu og atvinnuuppbyggingu) er lýst ákveðinni stöðu og settir mælikvarðar sem meta árangur af ákveðnum aðgerðum.

2.2. Stuðningur við einstaklinga

FV styður við markmið þessa verkefnis miðað við að því sé framfylgt á grundvelli umfjöllunar athugasemda við þingsályktunina um fyrirkomulag mála í Noregi, en leggur til að

framkvæmd þessara aðgerðar verði flýtt og fyrstu aðgerðir verði sýnilegar í fjárlagfrumvarpi fyrir árið 2015.

FV leggur til að Vestfirðir verði nýttir sem tilraunasvæði í þessum efnunum og í forgangsöröðun aðgerða eigi að taka mið að því að skapa aðlaðandi aðstæður fyrir búsetu ungs fólks. Hér má vísa til umfjöllunar greinargerðar Byggðastofnunar um ástæður fyrir brottflutningi ungs fólks (bls. 19).

2.2. Stuðningur við fyrirtæki.

FV styður við markmið þessa verkefnis ef því er framfylgt á grundvelli athugasemda við þingsályktunina, en leggur til að framkvæmd þessara aðgerðar verði flýtt og fyrstu aðgerðir verði sýnilegar í fjárlagfrumvarpi fyrir árið 2015.

3. kafli Atvinnumál

3.1. Nýsköpun og vaxtargreinar

FV styður við markmið og aðgerðir þessa verkefnis. FV vill hinsvegar benda á að þrátt fyrir að um 2,5 milljarðar hafi verið markaðir til nýsköpunar og vaxtargreina í fjárlögum 2014, þá kemur það misjafnt niður. Það er mat FV að dregið hafi mjög úr framlögum í aðgerðir sem henta smáum og meðalstórum fyrirtækjum á öllum sviðum á landsbyggðinni og skert enn frekar samkeppnisstöðu þeirra gagnvart stærri fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu.

3.2. Stuðningur við nýfjárfestingu og atvinnuuppbyggingu.

Forgangsöröðun aðgerða beinist að tveim landssvæðum (Suðurnesjum og Norðausturlandi) og sértækri atvinnustarfsemi (stóriðju). Forsenda aðgerða er studd með vísan til þróunar tveggja mælikvarða, framleiðslu á mann og atvinnuleysi, að teknu viðmiði við þróun á árbílinu 2007 til 2011. Rétt er að benda á að viðmiðunarár eru annars vegar efst og hinsvegar lægst eða við lægri mörk á mælikvörðum efnahagsþróunar síðustu ára og má velta fyrir sér hvort val á þeim ártölum sé heppilegt viðmið um áhrif þessarar aðgerðar.

Einnig verður að beina sjónum að nokkrum álitamálum í þessari tilgreindu aðgerð. Fyrir það fyrsta hefur stóriðja ekki verið tilgreind áður í byggðaáætlunum. Í annan stað hafa aðgerðir af þessu tagi verið ákveðnar m.a. með sértækri lagasetningu með vísan til eflingar efnahags landsins og styrkingu byggðar. Í þriðja lagi þá er hér um að ræða landssvæði sem eru ekki talin búa við viðvarandi fólksfækkun heldur er um að ræða vaxtarsvæði, samkvæmt stöðugreiningu Byggðastofnunar, fylgiriti byggðaáætlunar.⁷

Við umfjöllun Alþingis þarf að fjalla um hvernig þessi tiltekna aðgerð hafi áhrif á markmið Byggðaáætlunar og hvort í raun sé vilji til að hafa fleiri markmið upp við en tilgreind eru í þingsályktun um Byggðaáætlun. Má hér meðal annars vísa til orðræðu í fyrri umræðu um

⁷ Bls. 13. Á undanförunum árum og áratugum hefur byggð dafnað á stórum þéttbýlisstöðum og í nágrenni þeirra, einkum í byggðarlögum innan við 100 km fjarlægðar frá Reykjavík og á Mið-Norðurlandi og Mið-Austurlandi. Á þessum svæðum búa um 92% þjóðarinnar.

Þingsályktunina á Alþingi; um mikilvægi þess að byggja upp Norðausturland sem mótvægi við höfuðborgarsvæðið.

FV er hér ekki að lýsa beinni andstöðu við slíka stefnu, heldur lítur á það sem tækifæri til að koma að fleiri aðgerðum er varða stuðning við nýfjárfestingu og atvinnuuppbyggingu og jafna þannig samkeppnisstöðu annarra landssvæða. Það skal hinsvegar sagt að ef ekki er vel á haldið þá getur verið hætt á að stjórnvöld missi marks í viðleitni sinni til að ná markmiðum í byggðaaðgerðum. Stór og umfangsmikil verkefni á fjölmennari landsbyggðarsvæðum muni skyggja á vanda fámennari landsbyggða. Minnt er á að í athugasemdum með byggðaaætlun þá er fyrri ríkisstjórn gagnrýnd fyrir að hafa sett fram of mörg verkefni í byggðaaætlun 2010 - 2013.

Hér er hinsvegar tækifæri að koma að fleiri verkefnum og hefur FV í samráði við Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða ákveðið gera tillögu til atvinnuveganefndar Alþingis um fleiri aðgerðir sem falla undir þennan kafla áætlunarinnar.

(ný aðgerð) d. **Stutt við aðgerðir til að auka nýfjárfestingu í vinnslu kalkþörungasetlaga**

Vinnsla úr kalkþörungasetlögum í Arnarfirði hefur reynst farsælt verkefni og skapað mörg langtímastörf. Hér er lífrænn vottaður stóriðnaður sem vinnur nýjar og verðmætrar útflutningsafurðar úr innlendum auðlindum (jarðefni og raforku). Rannsóknir í Ísafjarðardjúpi hafa nú staðfest mikið magn kalkþörungna, en vinna þar nánari rannsóknir til að afmarka efnissvæði og meta umhverfisáhrif af námuvinnslu. Kostnaður á árum 2014 og 2015 er metin 40 til 50 milljónir.

Greinargerð: Kalkþörunganáam og vinnsla hefur alla burði til þess að vera stórt atvinnuþróunarverkefni á norðanverðum Vestfjörðum. Fyrstu rannsóknir gefa til kynna að finna megi um 100 milljónir tonna í kalkþörungasetlögum í Ísafjarðardjúpi. Í Arnarfirði eru kalkþörungasetlög metin um 35 milljónir tonna og vinnsluleyfi til ársins 2033 gefur heimild til að nema 60-80 þúsund tonn á ári eða 1,8-2,4 milljónir tonna á leyfistímanum. Greitt er auðlindagjald af þessari námu sem mun nema um 230 – 310 mkr í heildina.

Vinnsla kalkþörungs á Bíldudal við Arnarfjörð skapar í dag beint um 20 störf ásamt tilheyrandi margfeldisáhrifum. Forsendur eru því fyrir að mögulegt sé að byggja upp sambærilegt og hugsanlega stærra nýfjárfestingarverkefni við Ísafjarðardjúp. Hér er því um áhugavert og raunhæft verkefni sem gæti ef af yrði, leitt til verulegra nýfjárfestinga og atvinnusköpunar á svæði sem býr við viðvarandi fólksfækkun.

(nýtt verkefni) e. **Stutt við aðgerðir til að auka nýfjárfestingu í eldi laxfiska og bætt auðlindanýting.**

Strandsvæði við Vestfirði nánar tiltekið frá Bjargtöngum að Horni, eru eitt þriggja svæða við Íslandi þar sem heimilað er eldi laxfiska í sjó. Á síðasta ári var slátrað um 4.000 t af laxfiski á Vestfjörðum og framundan er mikill vöxtur er í þessari atvinnugrein á svæðinu. Sveitarfélög, ríki og hagsmunaaðilar eru sammála um að til þess að hér verði um að ræða farsæla

uppbyggingu, þá sé nauðsynlegt að endurskoða lagaramma, ljúka burðarþolsrannsóknum og ljúka skipulagsvinnu á þessum tilteknu strandsvæðum. Áætlaður kostnaður er metin um 70 mkr á Vestfjörðum og hafa hagsmunaaðilar lýst vilja til að koma á móts við þann kostnað til að flýta verkefninu.

Sem greinargerð er vísað til ályktunar 58. Fjórðungspings Vestfirðinga

58. Fjórðungsping Vestfirðinga haldið í Trékyllisvík dagana 11.-12. október 2013, leggur til áframhald á samvinnu sveitarfélaganna á Vestfjörðum um gerð nýtingaráætlunar fyrir strandsvæði Vestfjarða og aðkomu ríkisins að þeirri vinnu. Áætluninni er ætlað að fyrirbyggja hagsmunaárekstra og draga úr álagi á umhverfi vegna nýtingar, ásamt því að auka samkeppnishæfni svæðisins og snúa þannig við neikvæðri mannfjöldapróun síðustu 30 ára. Gerð nýtingaráætlunarinnar samræmist þeim ásetningi sveitarfélaga á Vestfjörðum að efla svæðið með sameiginlegri stefnumótun er byggja á styrkleikum svæðisins og þeim auðlindum sem þar er að finna, ekki síst á haf- og strandsvæðum.

Í ljósi þess að sveitarfélög hafa ekki skipulagsvald á strandsvæðum er lagt til að sveitarfélögin greiði 10% af kostnaði við verkefnið og ríkisvaldið 90%. Ríkisvaldið hefur mikilla hagsmuna að gæta á strandsvæðunum líkt og sveitarfélögin og skörun við önnur verkefni er umtalsverð.

3.3. Dreifing opinberra starfa.

FV styður markmið þessarar aðgerðar og eins og lýst er, að stjórnvöld beiti sér með markvissum hætti í þessum málum. Hér geta stjórnvöld með beinum hætti stutt við aðrar aðgerðir sem tilgreinar eru í 2. kafla áætlunarinnar um sértækar aðgerðir á varnarsvæðum. Hér er því beint að atvinnuveganefnd að skýra nánar hvað átt er við að aðgerðin nái til landsins alls og hvort ekki sé réttur skilningur að áherslur ættu frekar að leiða til þess að jafna samkeppnisstöðu og því þurfi að horfa til sérstöðu einstakra landssvæða.

3.4. Stoðkerfi hins opinbera.

FV styður markmið þessarar aðgerðar og væntir þess að framlög til stoðkerfisins verði aukin á tímabilinu þó ekki sé stefnt að umfangsmiklum breytingum.

3.5. Lánastarfsemi.

FV styður við markmið þessa verkefnis.

4. kafli. Opinber þjónusta.

4.1. Stefnumótun um opinbera þjónustu.

Hér er um langþráð verkefni að ræða og þess er óskað að vinna við það verði sett í forgang. Jöfnun í aðgengi að þjónustu hins opinbera er grundvallarþáttur í jöfnun búsetuskilyrða og eðlileg krafa íbúa og atvinnulífs landsbyggðanna.

FV lýsir hinsvegar áhyggjum af framkvæmd aðgerðarinnar. FV telur að styrkja verði umboð Byggðastofnunar um framkvæmd verkefnisins, með því að tilgreina þau ráðuneyti sem komi að verkefninu samkvæmt þeim málaflokkum sem nefndir eru í aðgerðinni. FV telur einnig að verkefnið muni fela í sér mikla vinnu að hálfu landshlutasamtaka sveitarfélaga og Sambands íslenskra sveitarfélaga, vinnu sem þau hafa ekki gert ráð fyrir í sínum starfsáætlunum.

Lagt er til að tilgreint verði í aðgerðinni ákveðið fjármagn til að standa straum af greiningarvinnu, ráðgjöf við útfærslu tillagna og vinnu starfshóps sem settur verður á laggirnar til að fylgja aðgerðinni eftir.

4.2. Opinberar upplýsingar á sviði byggðamála

FV styður við markmið þessa verkefnis en leggur til að skilgreint verði hlutverk landshlutasamtaka og/eða atvinnuþróunarfélaga við mörkun stefnu í þessari upplýsingaöflun og sömu aðilar hafi síðan skilgreint hlutverk við framkvæmd mála. Nefndir aðilar eru í hvað bestri stöðu að geta túlkað þær breytingar sem eiga sér stað í héraði, auk þess sem mikilvægt er að byggja upp þekkingu í héraði.

Fjórðungssamband Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri.